

## Umsagnir um Stjörnuverið

Skrifað af: Snævarr

Þriðjudagur, 06. Janúar 2009 13:44 - Síðast uppfært Föstudagur, 16. Janúar 2009 21:17

---



### Ummæli kennara um Stjörnuverið

"Það er ómetanlegt að fá svona þjónustu inn í skólann. Þetta er upplifun sem nemendur muna eftir og skilur meira eftir sig en öll sú kennsla sem fram fer í kennslubókum. Nemendur gátu ekki hætt að brosa eftir þessa upplifun."

Helena Rúnarsdóttir, stigstjóri yngri deildar Öldutúnsskóla

"Þetta er mjög skemmtileg viðbót við kennslu og gerir hana áhrifameiri. Mér finnst að allir nemendur ættu að fá tækifæri til að upplifa himingeiminn í gegnum Stjörnuverið því nemendur læra alltaf mun meira í gegnum upplifun heldur en með lestri skólabóka. Algjörlega ómetanleg reynsla sem nemendur fá með þessu verkefni og vekur enn meiri áhuga þeirra á himingeimnum."

Takk fyrir okkur,

Jónína Ómarsdóttir, náttúrufræðikennari Rimaskóla

"Mjög jákvæð tilbreyting í námsefni sem erfitt er að brjóta upp í verklegar æfingar. Nemendur voru mjög ánægðir og upplifðu heiminn á áþreifanlegan hátt."

Margrét Sigurgeirsdóttir, kennari í Víðistaðaskóla.

"Nemendur voru mjög hrifnir og mun auðveldara var að kenna atriði sem kynnt voru í stjörnuverinu. Nemendur urðu áhugasamari um stjörnufræði og himinninn."

Margér Betty Jónsdóttir, kennari í Víðistaðaskóla.

"Við kennarar í Víðistaðaskóla urðum strax mjög spenntir þegar við fréttum af stjörnuverinu og vildum fá það í okkar skóla. Eftir tímann í stjörnuverinu og eftir frábæran fyrirlestur og ferðalag um stjörnuhiminninn vorum við lengi að koma okkur aftur niður á jörðina. Allir skælbrosandi og glaðir að kynna heiminum á svona lifandi hátt. Við vorum í sjöunda himni."

## Umsagnir um Stjörnuverið

Skrifað af: Snævarr

Þriðjudagur, 06. Janúar 2009 13:44 - Síðast uppfært Föstudagur, 16. Janúar 2009 21:17

---

Edda Arnbjörnsdóttir, deildarstjóri unglíngadeildar í Víðistaðaskóla

"Nemendum skólans fannst spennandi að fara inn í stjörnuverið og þau höfðu gaman af umfjölluninni sem þar fór fram. Stjörnuverið glæddi áhuga þeirra á fyrribærum himinhvolfsins og var glæsilegt innlegg í uppfræðslu barnanna um stjörnuhimininn. Í okkar litla samfélagi notuðu fullorðnir tækifærið þar sem stjörnuverið var komið á staðinn og fengu sýningu um kvöldið og vissulega styður það við áhuga barnanna ef foreldrarnir upplifa það sama og þau."

Pálína Þorsteinsdóttir

Sigrún Sigurgeirsdóttir

Grunnskólanum í Hofgarði

"Í Melaskóla eru unnin þemaverkefni í 3. og 6. bekk um himingeiminn. Stjörnuverið reyndist frábær viðbót við verkefnið, skemmtileg, upplýsandi og vel þess virði. Við mælum hiklaust með stjörnuverinu."

Kennarar 3. og 6. bekkja í Melaskóla.

"Stjörnuverið er mjög heppilegt til að auka áhuga nemenda á stjörnufræði og veita þeim grunnskilning á stjörnuhimninum. Stjörnuverið hentar öllum skólastigum og þeir nemendur hjá mér sem hafa farið í stjörnuverið hafa verið mjög ánægðir."

Gauti Eiríksson

Álftanesskóla

## Umsagnir nemenda um Stjörnuverið

### Heimsókn Stjörnuversins í Ölduselsskóla 31. janúar 2008

"Fimmtudaginn 31. janúar reyndi eðlisfræðibekkur Jens Karls Ísfjörðs (10. bekkur) ómetanlega upplifun sem veitti innsýn í heim stjarnanna og varpaði ljósi á alheiminn. Snævarr Guðmundsson fór með leiðsögn og gerði stjörnufræðina mjög áhugaverða í máli og myndum. Stóru tjaldi sem líktist svörtu snjóhúsi hafði verið komið upp í anddyri skólans og þangað voru sendir bekkir einn af öðrum. Þegar inn var komið voru sértílgærðir púðar þar sem hægt var að leggjast svo upplifunin yrði sem raunverulegust. Þegar síðan fyrirlesturinn byrjaði horfðu áheyrendur sem dáleiddir upp í sýndarstjörnuhimininn og á meðan greindi Snævarr frá ýmsum skemmtilegum staðreyndum um hvert efni. "Ferðast" var m.a. til Mars, tunglsins og Títans, tungls Satúrnusar! Tæknin var ótrúleg, hvernig mögulegt var að skyggjast um í geimnum og greina hvert smáatriði á ýmsum plánetum. Þetta var líkast rússíbanareið, svo gaman var það og áhugi á stjörnufræði er miklu meiri en nokkru sinni fyrr, nú þegar ótrúlegar fjarlægðirnar og öfgar

## Umsagnir um Stjörnuverið

Skrifað af: Snævarr

Þriðjudagur, 06. Janúar 2009 13:44 - Síðast uppfært Föstudagur, 16. Janúar 2009 21:17

---

alheimsins hafa verið gerðar svo ljóslifandi fyrir nemendum."

Katrín Þóra Sigurbjörnsdóttir 10. S.S.

Jóhannes Hróbjartsson 10. AKP.

